



Áhugahópur um kynhlutlaust mál

Reykjavík 15. nóvember 2021

Tilv. ÍM202111-001/2.1

Stjórn Íslenskrar málnefnd þakkar ykkur bréfið frá 22. október síðastliðnum og þær fjölmörgu góðu athugasemdir við skýrslu málnefndarinnar um kynhlutlaust mál sem þar koma fram. Stjórnin tekur undir það sjónarmið að þróun málsins í átt til kynhlutleysis er hafin og verður ekki stöðvuð og að ekki sé heldur ástæða til þess.

Stjórn málnefndarinnar tekur ekki undir að andi skýrslunnar sé að öllu leyti neikvæður gagnvart kynhlutlausu máli eða gefi villandi mynd af viðfangsefninu. Það breytir því ekki að okkur finnst, eins og áður sagði, vera fengur í þeim athugasemdum sem frá ykkur bárust. Við tökum þeim sem brýningu og mikilvægu framlagi til umræðu og teljum tímabært að Íslensk málnefnd taki þátt í. Þess vegna óskum við eftir samstarfi við hópinn sem undirritaði bréfið um áframhaldandi samtal um kynhlutlaust mál.

Umræðan um kynhlutlaust mál er í stöðugri og mjög örri þróun. Stjórnin tekur undir að breytingar í átt til kynhlutlauss máls hljóti að gerast smátt og smátt. Þær breytingar eiga rætur í grasrótinni, hjá málnotendunum sjálfum, og þeim verður ekki stýrt og á ekki að stýra með einhvers konar opinberri málstýringu.

Umrædd skýrsla er svar við erindi sem málnefndinni barst frá stjórnarráðinu. Það var mat okkar að þegar hér er komið sögu sé ekki tímabært að gefa út stefnu um kynhlutlaust mál í opinberum bréfum og lögum þótt telja megi öruggt að það verði eðlilegt skref innan ekki langs tíma.

Eins og fyrr segir ýtti bréf ykkar við stjórn Íslenskrar málnefndar og við áttum okkur á því að við verðum að taka þátt í umræðunni um kynhlutlaust mál. Þess vegna langar okkur að efna til málþings um efnið á fyrri hluta næsta árs. Þar sjáum við fyrir okkur að málið yrði skoðað frá sem flestum hliðum og við værum þakklát fyrir að njóta stuðnings ykkar hóps við undirbúning þingsins. Þess vegna langar okkur að fara þess á leit við hópinn að hann skipi tvo fulltrúa í hóp sem tæki að sér að undirbúa málþingið ásamt tveimur fulltrúum stjórnar Íslenskrar málnefndar.

Með vinsemd,

stjórn Íslenskrar málnefndar